

BRÚIN

Barn – Úrræði - Ráðgjöf

Hafnarfjarðarbær hefur frá og með haustinu 2018 farið af stað með nýja nálgun til að efla stuðning og þjónustu við börn í leik- og grunnskólum bæjarins. Markmið BRÚARINNAR er að samþætta þjónustu bæjarins og auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra. Áhersla er lögð á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum með aðkomu Brúarteyma leik- og grunnskólanna. Ásamt því hefur samvinna fagfólks verið eflað á milli fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

Í Brúarteymum sitja fagaðilar á vegum skólans, ásamt ráðgjöfum frá fjölskyldu- og skólaþjónustu BRÚARINNAR, sálfræðingum og/eða sérkennslufulltrúa frá mennta- og lýðheilsusviði. Hlutverk Brúarteyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Í Brúarteymi er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins.

Í byrjun var þessi nýja nálgun innleidd í sjö leikskóla og þrjá grunnskóla. Haustið 2019 bættust við fjórir leikskólar og tveir grunnskólar. Skólarnir taka þátt í þróun þessa nýja vinnulags sem síðar verður innleitt í alla leik- og grunnskóla bæjarins. Ekki er um tímabundið verkefni að ræða heldur breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur hjá Hafnarfjarðarbæ.

Viðhorfskönnun var gerð í mars 2019 á meðal starfsfólks Brúarteyma þeirra leik- og grunnskóla sem eru í BRÚNNI og meðal foreldra þeirra barna sem höfðu fengið þjónustu í gegnum Brúarteymi. Niðurstöður sýndu að starfsfólk var almennt ánægt með skýrt verklag BRÚARINNAR og taldi að markviss samvinna og þjónusta frá fjölskyldu- og barnamálasviði og mennta- og lýðheilsusviði væri að nýtast vel fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa á auknum stuðningi að halda. Þeir foreldrar sem svöruðu könnuninni töldu stuðninginn sem þeir fengu í gegnum Brúarteymin gagnast fjölskyldunni vel.

Til þess að óska eftir þjónustu Brúarteymis er foreldrum bent á að hafa samband við umsjónarkennara eða skólastjórnendur þeirra skóla sem taka þátt í BRÚNNI.